

Fimmtudaginn 30. janúar 1997.

Nr. 159/1996.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

Hinriki Bragasyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.) **og**

Helga Ingimundi Sigurðssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Dýravernd. Rannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1996 að ósk ákærðu að fengnu leyfi Hæstaréttar sama dag samkvæmt 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Um tilgang áfrýjunar er skírskotað til a-, b-, c- og e-liðar 1. mgr. 147. gr. laganna. Einnig er áfrýjað af hálfu ákærvalds.

Ákærvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, að því er varðar ákærða Helga Sigurðsson og þyngingar á refsingu beggja ákærðu. Jafnframt er krafist heimildarsviptingar á hendur ákærða Hinriki Bragasyni, eins og um getur í ákæruskjali.

Ákærði Hinrik krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Til þrautavara fer hann fram á mildun refsingar.

Ákærði Helgi krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins. Hann gerir ekki sjálfstæða kröfu um frávísun málsins, en telur hana eiga sjálfkrafa við af þeim ástæðum, sem meðákærði hefur uppi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal eru bréf til ríkissaksóknara frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu 10. janúar 1997 og fulltrúa hans 3. sama mánaðar.

I.

Krafa ákærða Hinriks um frávísun málsins frá héraðsdómi er einkum á því reist, að frumrannsókn þess hafi verið mjög áfátt og

hún ekki fullnægt meginreglu 31. gr. laga um meðferð opinberra mála eða reglum IX. kafla laganna. Þannig hafi sýslumaður og lögregla í Rangárvallasýslu ekki stjórnað rannsókninni á fyrsta stigi, heldur hafi Grétar Hrafn Harðarson, héraðsdýralæknir í Hellu-umdæmi, í raun haft umsjón hennar fyrstu þrjár vikurnar, þar til sýslumaður sendi málið Rannsóknarlögreglu ríkisins til framhalds-rannsóknar 27. júlí 1994. Þá hafi ekki farið fram alhliða krufning á hestinum Gými, heldur hafi rannsókn og sýnataka beinst að hinum skaddaða framfæti hans og leit að ummerkjum lyfjagjafar. Gagnrýnir ákærði þær aðferðir, sem notaðar voru við sýnatökuna, og vefengir gildi læknisfræðigagna málsins. Þá bendir hann á, að könnun á braut skeiðvallarins að Gaddstaðafötum hafi ekki farið fram fyrr en löngu eftir slysið 3. júlí 1994 og þá með óbeinum hætti.

Telja verður, að sýslumanni og lögreglu hefði verið rétt að taka stjórn rannsóknar í sínar hendur þegar í upphafi, sbr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála, en beiðni um opinbera rannsókn kom fram þegar 4. júlí frá Félagi tamningamanna.

Aðild héraðsdýralæknis að upphafi rannsóknarinnar þykir ekki þess eðlis, að réttarspjöllum valdi. Verður að fallast á það með dómendum í héraði, að ekki geti talist varhugavert að leggja hin læknisfræðilegu gögn málsins til grundvallar, svo langt sem þau nái. Að þessu athuguðu verða ekki talin efni til að vísa málinu frá héraðsdómi.

II.

Í dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, er lýst atvikum að þátttöku Gýmis á landsmóti hestamanna meðal gæðinga í A-flokki, fyrst í forkeppni að kvöldi 30. júní 1994 og síðan úrslitakeppni síðdegis 3. júlí, og einnig greint frá þeim gögnum, sem fyrir liggja um heilbrigði hestsins og meðferð á honum frá 22. júní, þegar ákærði Hinrik varð var við bólgu á vinstra framfæti hans. Er það mat dómenda, að hesturinn hafi átt við mein að etja þennan tíma, sem best yrði við ráðið með því að hlífa honum, og verður á það að fallast. Hið sama kemur fram í umsögn dýraverndarráðs um rannsóknargögn málsins, sem látin var í té 3. apríl 1995 að beiðni ríkissaksóknara á grundvelli 3. mgr. 17. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, sbr. áður 2. mgr. 17. gr. laga nr. 21/1957 um sama efni. Var

það samdóma álit fulltrúa í ráðinu, að hesturinn hefði ekki verið heilbrigður á landsmótinu í skilningi dýraverndarlaga.

Í héraðsdómi er skírskotað til þeirrar frásagnar Péturs Sigurðssonar, blaðamanns og ljósmyndara, að hesturinn hafi verið haltur í girðingu síðdegis 30. júní, fáum stundum fyrir forkeppnina. Ýmis vitni, sem sáu til hestsins þennan dag, hafa borið á annan veg. Frásögn ljósmyndarans fær hins vegar nokkurn stuðning í framburði ákærða Hinriks og sambúðarkonu hans, og fyrir liggur, að ákærði Helgi var kvaddur á staðinn til að huga að hestinum. Að þessu athuguðu ber á það að fallast með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, að með ákvörðun ákærða Hinriks um þátttöku hestsins í forkeppninni og atbeina ákærða Helga til þess, að svo gæti orðið, hafi ákærðu orðið brotlegir við þau lagaákvæði um dýravernd og um störf dýralækna, sem tilfærð eru í I. kafla ákæru.

Af myndböndum af hlaupi Gýmis í úrslitakeppninni 3. júlí verður ekki séð með vissu, hvort hesturinn hafi þá gripið á sig, eins og ákærði Hinrik heldur fram. Verður ekki talið óhugsandi, að högg á vinstra framfót hafi getað átt þátt í því, að hesturinn fór úr kjúkulið á fætinum með þeim afleiðingum, sem raun varð, þótt rannsóknir á fætinum hafi ekki leitt í ljós ummerki þess. Jafnframt verður ekki útilokað, að ástand skeiðvallarins hafi skipt máli. Hins vegar verður að telja það fullsannað með rannsókn Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis, sem studd er rannsókn Jónasar Hallgrímssonar prófessors og rannsóknnum Þorkels Jóhannessonar prófessors og samverkamanna hans, að hesturinn hafi verið sprautaður í fótinn með staðdeyfilyfinu lídókaíni skömmu fyrir úrslitakeppnina, eins og skírskotað er til í hinum áfrýjaða dómi. Hefur ákærða Hinriki hlotið að vera um það kunnugt. Leiðir þetta ásamt öðrum gögnum til þeirrar niðurstöðu, að meðferð á hestinum fram að keppninni og þátttaka hans í henni hafi farið í bága við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í II. kafla ákæru.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um þau sakarefni, sem um ræðir í þessum kafla ákæru. Er þá meðal annars á það fallist, að ósannað sé, að ákærði Helgi hafi staðið að fyrrgreindri sprautun í fót hestsins.

Refsing ákærða Hinriks telst hæfilega ákveðin í héraðsdómi

170.000 króna sekt í ríkissjóð. Rétt þykir hins vegar að breyta refsingu ákærða Helga, og verði hún 120.000 króna sekt í ríkissjóð, en vararefsing eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ekki séu efni til að svipta ákærða Hinrik heimild til þess að hafa hesta í umsjá sinni, versla með þá eða sýsla, sbr. 20. gr. laga nr. 15/1994 og áður 19. gr. laga nr. 21/1957.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði Hinrik Bragason greiði 170.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Helgi Sigurðsson greiði 120.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Hinrik greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Ákærði Helgi greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Ákærðu greiði allan annan áfrýjunarkostnað óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. mars 1996.

Ár 1996, föstudaginn 1. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara og tveimur sérfróðum meðdómsmönnum, þeim Eyjólfi Ísólfsyni, bændaskólakennara og tamningamanni, og Páli Stefánssyni dýralækni, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 694/1995: Ákærvaldið gegn Hinriki

Bragasyni og Helga Ingimundi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 31. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. júní sl., á hendur ákærðu, Hinriki Bragasyni tamningamanni, Reykási 26, Reykjavík, kt. 100968-479, og Helga Ingimundi Sigurðssyni dýralækni, Steinahlíð, Mosfellsbæ, kt. 200752-007, „fyrir brot gegn lögum um dýravernd og ákærða Helga Ingimundi enn fremur fyrir brot á starfsskyldum sínum sem dýralæknis með því að hafa átt hlut að þátttöku hestsins Gýmis frá Vindheimum í keppni á landsmóti hestamanna á Gaddstaðflötum við Hellu í Rangárvallasýslu um mánaðamót júní/júlí 1994, ákærði Hinrik sem annar eigandi hestsins og knapi og ákærði Helgi Ingimundur sem læknir hestsins, enda þótt hesturinn væri ekki heilbrigður og hefði um nokkurt skeið fyrir mótið og einnig á mótinu verið bólginn og haltur á vinstra framfæti og væri þá ekki í keppnishæfu ástandi, en við keppnina hlaut hesturinn svo alvarlega áverka á fætinum, að aflífa varð hann að kvöldi 3. júlí, svo sem rakið er:

I.

A. ákærða Hinriki er gefið að sök að hafa farið með Gými í forkeppni úrvalstöltara að kvöldi 30. júní, þrátt fyrir það að hesturinn hafi verið bólginn á vinstra framfæti og haltur frá 22. sama mánaðar og verið til meðferðar vegna þessa frá og með þeim degi hjá meðákærða, sem m. a. fólst í lyfjagjöfum, sbr. I. B, og þrátt fyrir það að hesturinn væri enn áberandi haltur síðdegis 30. júní og ekki óhaltur fyrr en skömmu fyrir keppnina, eftir að meðákærði hafði haft hann til sérstakrar meðferðar.

B. Ákærða Helga Ingimundi er gefið að sök að hafa átt hlutdeild í framangreindu broti meðákærða með því að hafa gert meðákærða kleift að fara með Gými í forkeppnina 30. júní, þrátt fyrir það að ástand hestsins leyfði það ekki, og fólst liðsinni ákærða við meðákærða í því, að skömmu áður en keppnin hófst, meðhöndlaði hann hestinn á vinstra framfæti með kæliúða og kælihólki og tókst að gera hestinn óhaltan, en ákærði hafði allt frá 22. júní meðhöndlað hestinn vegna helti og bjúgbólgu við kjúkulið vinstra framfótar og enn fremur frá 25. júní vegna hugsanlegrar sýkingar í hófi á sama fæti, og hafði ákærði m. a. í þessu sambandi gefið hestinum langvarandi bólgueyðandi og verkjastillandi lyf, langverkandi bakstra og fúkalyf og jafnframt staðdeyfilyf (lídókaín).

II.

A. Ákærða Hinriki er enn fremur gefið að sök að hafa 3. júlí farið með Gými í úrslitakeppni landsmótsins, þrátt fyrir það að hesturinn hefði í forkeppninni hlotið áverka á vinstra framfæti til viðbótar því, sem fyrir var, sbr. I. A og B, en þennan áverka veitti hesturinn sér sjálfur með afturfæti

(greip á sig), og var áverkinn mestur um kjúkulið, þar sem djúpt sár var í gegnum húð, sem olli skemmdum á liðböndum kjúkuliðar, og þrátt fyrir það að hesturinn væri eftir þetta áfram til læknismeðferðar hjá meðákærða, sem m. a. fólst í lyfjagjöf, kælingu og staðeyfingu rétt fyrir úrslitakeppnina, sbr. II. B, og leiddi þetta til þess, að í keppninni gaf vinstri framfótur sig um kjúkulið, liðbönd og kvíslband slitnuðu, liðpoki og húð brustu og fóturinn fór í sundur um liðinn.

B. Ákærða Helga Ingimundi er enn fremur gefið að sök að hafa átt hlutdeild í broti meðákærða, sbr. II. A, með því að gera meðákærða mögulegt að fara með Gými í úrslitakeppnina 3. júlí, enda þótt hann væri ekki heilbrigður og þrátt fyrir þá áverka, sem hann bar eftir forkeppnina og ætla verður, að hafi valdið holti, og fólst liðsinni ákærða við meðákærða í því að gefa hestinum langverkandi fúkalyf sem inniheldur deyfilyf, beita kælingu og hitameðferð á vinstra framfót hestsins og loks deyfa hann við kjúkulið vinstra framfótar skömmu fyrir keppnina með staðeyfilyfi (lídókaín), og tókst ákærða með þessum hætti að búa hestinn þannig úr garði, að meðákærði gat hafið keppni á honum, en með framangreindum afleiðingum.

III.

Framangreind brot ákærða Hinriks teljast varða við 2. gr. og 6. gr., sbr. 19. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994, sbr. áður 1. gr. og 3. tl. 3. gr., sbr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, að því er varðar brotið í I. A.

Framangreind brot ákærða Helga Ingimundar teljast varða við sömu lagaákvæði, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og við 187. gr. hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um dýralækna nr. 77/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þess er og krafist, að ákærði Hinrik verði sviptur heimild til að hafa hesta í umsjá sinni, versla með þá eða sýsla með þá með öðrum hætti, sbr. 20. gr. fyrrgreindra laga nr. 15/1994, sbr. áður 19. gr. laga nr. 21/1957“.

Það athugast, að ákærvaldið hefur leiðrétt ákærana þannig, að í stað orðsins „úrvalstöltara“ í a-lið I. kafla ákæru eigi að standa orðin „a-flokki gæðinga“.

Málavextir.

Ákærði Hinrik og kona hans, Hulda Gústafsdóttir, eignuðust góðhestinn Gými frá Vindheimum síðla árs 1993. Hesturinn var skráður til keppni á landsmóti hestamanna á Gaddstaðflötum við Hellu, sem haldið var dagana 28. júní til 3. júlí 1994. Reið ákærði hestinum í forkeppni í A-flokki gæðinga fimmtudagskvöldið 30. júní og í úrslitakeppninni sunnudagskvöldið 3. júlí, þar sem hesturinn hlaut þau meiðsl, sem greinir í ákæru. Hesturinn var ásamt öðrum hestum í keppnishringnum og teygði sig á hröðu

brokki eftir langhlið meðfram áhorfendabrekku og skipti af brokki á tölt. Eftir nokkur skref á tölti fór vinstri framfótur að bila um hófskeggслиð og í nokkrum skrefum slitnaði hófskeggслиður í sundur. Hesturinn hljóp þó áfram eftir það nokkra tugi metra með kjúkuna dinglandi og steig í stúfinn án þess að haltra að ráði. Fyrir liggur í málinu, að Grétar Hrafn Harðarson héraðsdýralæknir batt upp og bjó um fótinn eftir slysið og gaf hestinum deyfilyf (combelen og metadón). Var hann svo fluttur niður á Hellu í hestakerru til dýralæknisins. Mun hann hafa brotist eitthvað um, svo að umbúnaður þessi losnaði. Að lokinni skoðun dýralæknisins var hesturinn aflífaður. Daginn eftir flutti ákærði Hinrik hræið til Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis og sérfræðings í meinafræði á Keldum við Reykjavík. Var vinstri framfótur tekinn af um svokallaðan „hnélið“, vefjasýni úr vinstra fæti, blóðsýni úr bláæð í hálsi, þvagsýni og sýni úr lifur hestsins. Sigurður krufði fótinn, en afhenti sjálfur hin sýnin til rannsóknar á Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði.

Meðal sakargagna er myndbandsupptaka af lokaspretti hestsins, þegar slysið varð. Hafa dómendur skoðað myndbandsupptökuna vandlega, m. a. í vönduðum stúdíótækjum.

Ákærði Hinrik neitar sök í málinu. Hann kveður hestinn hafa almennt verið við mjög góða heilsu veturinn á undan, og hafi hann verið með hann í þjálfun fyrir landsmótið. Einhvern daginn eftir 20. júní hafi hann þó orðið var við bólgu á vinstra framfæti og hesturinn sýnt eymsli þar og verið við það að vera haltur. Meðákærði hafi þá tekið að sér að lækna hestinn og gefið honum fúkalyf eða bólgueyðandi og jafnframt vafið á honum fótinn og hellt einhverjum vökva í umbúðirnar. Hesturinn hafi svo verið hafður í stú í um tvo sólarhringa. Eftir það hafi bólgan verið horfin og hesturinn óhaltur. Kveðst ákærði þá hafa riðið honum einu sinni eða tvisvar og þá fundið, að eitthvað var athugavert við hestinn. Kveðst hann þá hafa fengið meðákærða til þess að líta á hestinn, og hafi þá komið í ljós, að hesturinn var með hita. Hafi komið til álita, að hóffjöður lægi nærri kviku, en meðákærði veitt honum þá meðferð, sem hann hafi talið við eiga. Ákærði kveðst svo hafa farið með hestinn austur sunnudaginn fyrir landsmótið og riðið honum mikið daginn eftir. Hafi hesturinn þá verið í fádæmagóðu ástandi og alveg óbólginn. Hann hafi einnig riðið hestinum á þriðjudeginum, en þó eitthvað minna, enda farið að líða að mótinu. Á miðvikudeginum hafi hestinum einnig verið riðið á mótssvæðinu og þaðan upp í girðingu. Á fimmtudagsmorgun, þegar hann hafi farið að vitja um hestinn, hafi allt verið með felldu. Seinna þennan dag hafi hann farið með blaðamanni, Pétri að nafni, upp í girðingu til hestsins, og hafi hann þá verið örlítið bólginn, og séu „ef-

laust tvær skoðanir á því, hvort er hægt að segja, að hesturinn hafi verið haltur eða óhaltur“. Kveður ákærði það vera skoðun sína, að hann hafi verið eitthvað aumur og sér vitanlega brugðið við þetta. Hafi hann því kallað á meðákærða, sem hafi talið þetta vera smámuni. Hafi hann kælt fótinn með kæliholk og sagt, að hesturinn væri í keppnishæfu ástandi. Ákærði kveðst svo hafa lagt á hestinn og riðið honum fetið dálitla stund og síðan látið hann ganga sem mest við frjálstan taum til þess að ganga úr skugga um, hvort eitthvað gæti hugsanlega verið að og hesturinn hlífði sér nokkuð. En hann hafi hvergi hlíft sér, og kveðst ákærði þá hafa riðið honum í hálfa til heila klukkustund til þess að hita hann upp. Eftir fótaskoðun kveðst ákærði svo hafa riðið honum í forkeppni um 90 hesta og Gýmir orðið fyrstur með töluverðum mun. Það hafi svo gerst í forkeppninni, að hesturinn greip á sig á skeiðspretti á kjúkulið vinstra framfótar. Hafi orðið þar skeina og hár orðið blóðlitað, en skeinan ekki náð gegnum húð. Hafi þetta „ágrip“ alls ekki verið „stórvægleigt“. Síðan hafi verið farið með hestinn niður á Hellu og í hesthús þar. Þar hafi hann verið kældur á öllum fótum, eins og ákærði kveðst vera vanur að gera eftir keppni, og í meira lagi vegna þess, sem gerst hafði. Meðákærði hafi svo skoðað hestinn og líklega gefið honum eitthvert lyf, en ákærði veit ekki fyrir víst, hvaða lyf. Þá hafi hann útbúið á hann vafning, og minni sig, að þeir hafi hellt vatni ofan í vafninginn. Eftir þetta hafi hann verið hafður einn í rúmgóðri stíu fram á laugardag, og kveðst ákærði þá hafa skoðað hann ásamt kunningja sínum, August Beyer, og hesturinn látinn hlaupa um. Hafi hesturinn hlaupið um og leikið sér og vírst hinn brattasti. Kveðst ákærði svo hafa látið hestinn vera á túni með öðrum hesti það, sem eftir var laugardags, og fram á sunnudag. Hafi hann hlaupið um og vírst hinn brattasti. Ákærði kveður aðra en þá August ekki hafa umgengist hestinn þennan dag. Ákærði kveðst svo hafa riðið hestinum töluvert á sunnudeginum til þess að hita hann upp. Í úrslitakeppninni hafi það svo gerst, þegar hesturinn var á afar hröðu brokki, að lófatak hafi komið frá áhorfendum og hesturinn þá brugðið yfir á tölt og lagst mjög á tauminn. Kveðst ákærði þó hafa getað haldið aftur af honum og hann tekið þrjú eða fjögur skref á skeiði. Hafi hann svo gripið á sig á vinstra framfót, sem hafi þá látið undan.

Ákærði Helgi Ingimundur fékk leyfi landbúnaðarráðherra til þess að kalla sig dýralækni og stunda dýralækningar 1. október 1980. Hann hefur neitað sök í málinu. Hann kveðst hafa þekkt Gými vel, enda haft með honum eftirlit sem dýralæknir í um fimm ár. Kveðst hann hafa skoðað hestinn 8. júní vegna fyrirhugaðrar sölu og allt verið í stakasta lagi. Miðvikudaginn 22. júní hafi hins vegar verið bjúgbólga í kringum vinstra kjúkulið framfótar

og hann álitíð, að hesturinn hefði snúið sig, og gaf ákærði honum bólgu- og verkjastillandi lyf, þ. e. 20 cc af dolosin-dexa í æð og 5 cc af opticortenol í vöðva. Enn fremur setti hann svokallaðan „burrows“-bakstur um liðinn til þess að vinna á bólgunni. Föstudaginn 24. júní hafi baksturinn verið tekinn af og hestinum gefnir aðrir 5 cc af opticortenol. Hafi hestinum svo verið riðið þann dag. Meðákærði hafi hins vegar ekki verið alveg ánægður með hestinn, og kveðst hann hafa skoðað hann daginn eftir. Þá hafi hesturinn verið aðeins aumur í hælinn og hitavottur í honum, 38,5°, og aukinn æðasláttur niður í fótinn. Kveðst ákærði þá hafa hugað að honum betur. Hafi sig grunað, að hóffjöður lægi nærri honum, og gefið staðdeygingu í taugar, fyrst ofan við kjúkulið og síðan á miðjum legg ofan við bólguna. Hafi hestinum létt við þetta og var dregið undan honum. Þá gaf ákærði honum fúka-lyf, 20 cc depomycin. Sunnudaginn 26. júní kveðst ákærði hafa gefið hestinum 20 cc af duplocillin og 5 cc af opticortenol. Eftir þetta hafi verið farið með hestinn austur, og hafi þá allt verið með felldu.

Fimmtudaginn 30. júní hafi hesturinn verið aumur í fæti, og hafi verið bjúgbólga umhverfis kjúkulið. Telur ákærði, að þau meiðsli hafi tekið sig upp aftur, en ekkert sár hafi verið að sjá á fætinum þá. Kveðst ákærði hafa meðhöndlað þetta um miðjan daginn með kæli-„sprayi“ og kælihólk, og hafi heltin þá horfið og hesturinn tekið þátt í forkeppninni með glæsibrag. Hann hafi þó gripið lítillega á sig í keppninni. Við nákvæma skoðun hafi hann séð smásár á fætinum, en ekki að sjá, að það næði gegnum húðina og ekki blætt mikið úr því. Hesturinn hafi þá verið kældur með vatni, og eins kveðst ákærði hafa sett á hann „burrows“-bakstur. Þá kveðst hann hafa gefið hestinum 15 cc duplocillin í hálsvöðva. Kveðst ákærði ekki hafa haft afskipti af hestinum sem dýralæknir, eftir að hann gaf honum þessa sprautu. Muni Þjóðverjar, sem þarna voru, hafa tekið baksturinn af hestinum. Ákærði kveður þá meðákærða hafa talað saman sunnudaginn 3. júlí og þeim komið saman um, að ef hesturinn væri óhaltur, væri hann keppnisfær.

Ákærði kveðst ekki vita til þess, að aðrir hafi unnið læknisverk á hestinum á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Sjálfur kveðst hann hafa verið þarna til þess að skemmta sér og aðeins séð hestinn tilsýndar út um bílglugga seinni part sunnudagsins 3. júlí, en þá hafi meðákærði verið að ríða honum. Segist hann hafa verið í því ástandi, að hann hefði varla „verið til í nokkurt læknisverk eftir laugardaginn“.

Í krufningarskýrslu Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis og meinafræðings, dagsettri 16. júlí 1994, segir um athugun á áverkum á fæti Gýmis. „Eins og áður segir, var skrokkurinn fluttur í hestakerru síðdegis 4. júlí til athugunar á Keldum. Hann lá á hægri hlið og sneri fram í kerrunni. Meiddi fótur-

inn sneri upp. Hesturinn var í þokkalegum holdum, en ekki vel glansandi eða genginn úr hárum. Fyrir utan áverka þann, sem greint hefur verið frá, var ekki neitt athugavert við vinstri hlið hestsins að sjá nema það, að skammt neðan við olnbogahnúann að aftan var fárra daga gamalt sár með hrúðri, 2–3 cm í þvermál. Virðist hesturinn hafa getað slæmt hóf og fótábúnaði á vinstra framfæti upp í olnbogann á sama fæti með þessum afleiðingum. Áverkum á vinstra fæti neðan hnjáliðar verður lýst hér á eftir. Hægri hlið hestsins var ekki skoðuð. Hesturinn var járnaður með 8 mm skeifum og 6 mm plastbotnum, jafnþykkum. Hófhlífur, sem verið höfðu á framfótum, fylgdu ekki með hestinum.

Sýnataka.

Sýni voru tekin úr hestinum án þess að taka hann af kerrunni eða hreyfa hann til að ráði. Viðstaddir sýnatöku voru auk undirritaðs Eggert Gunnarsson, dýralæknir á Keldum, og Grétar Harðarson héraðsdýralæknir. Þvag-sýni náðist með því að þrýsta á þvagblöðru um endaparm. Sýni var tekið af lifur með því að opna til kviðarhols 20 cm langan skurð aftan við rifjaboga á vinstri síðu. Þeim skurði var síðan lokað af héraðsdýralækni með saumi, vegna þess að flytja átti hestinn burtu. Blóðsýni var tekið úr bláæð á hálsi vinstra megin (v. jugularis). Vinstri framfótur var tekinn af í hnjálið til nánari skoðunar, og um leið var athuguð festing á stoðbandi djúpu beygisinar í hnjábein ofan leggjarins. Vefjarsýni var einnig tekið vegna lyfjaleitar báðum megin af fæti milli leggjar og beygisina ofan hófskeggslíðar. Þvagsýni og blóðsýni voru sett í kælingu, en lifrarsýni og vefjarsýni úr fæti fryst skv. fyrir sögn Rannsóknastofu í lyfjafræði og afhent starfsmönnum hennar, Jakobi Kristinssyni og Þorkeli Jóhannessyni forstöðumanni.

Athugun á áverkum á vinstra framfæti neðan hnés.

Aftan og innan á hófskeggslíð er fárra daga gamalt slagsæri. Þar hefur hesturinn gripið á sig („farið í sig“, eins og hestamenn segja, sumir hverjir). Þrjár láréttar og samhliða sprungur, 2–3 cm langar, eru yfir liðamótunum með 1–1,5 cm bili. Hin neðsta er dýpst og nær gegnum húðina. Niður og út úr henni er rífið svolítið stykki. Hinar eru litlu grynri. Talsverð blæðing er í húðinni á þessu svæði og hárið að hluta til skrapað af henni. Hrúður, sem er á sprungunum, getur komið heim við það, að áverkinn hafi orðið í forkeppni fimmtudaginn 30. júní, en komið hefur fram, að hesturinn greip þá á sig. Fingurbreidd ofan við sprungusvæðið er nær hárlaus, ílangur og fingurgómsstór blettur með rispum. Útlit hrúðurs á rispunum bendir til þess, að sá áverki hafi orðið um svipað leyti og sprungurnar fyrir neðan hann.

Hesturinn virðist hafa sparkað eða stigið með afturfæti niður eftir framfætinum að aftan og innan einu sinni eða oftár. Mestur er áverkinn á viðkvæmasta staðnum, sjálfum liðamótunum, þar sem fótleggur og köggull mætast.

Yfir kjúkulið utanverðum, rétt framan við miðjan liðinn, er sár í lagi eins og L, þar sem hesturinn hefur troðið niður mörgum sinnum, eftir að kjúkan snerist inn á við. Annar armurinn á þessu sári snýr upp og niður, 7 cm langur. Hinn armurinn gengur u. þ. b. hornrétt aftur frá neðri enda hins fyrrnefnda, um 5 cm langur, og meðfram mótum leggjar og kögguls, út um þetta sár hefur fótleggsendinn gengið. Tætlur úr kvíslbandi ofan kjúkusina-beins koma einnig út úr sárinu. Enga aðra áverka er að sjá á fætinum, sem bendi til þess, að hesturinn hafi gripið á sig aftur 3. júlí. Úr liðbrjóski á fótleggnum hefur kvarnast örlítið, þar sem garðurinn á legghöfðinu er hæstur. Annars er brjóskið og beinið óskemmt.

Pegar fóturinn er fleginn, koma í ljós miklar, nýjar blæðingar og bjúgur undir húð, einkum í lausum vef á hliðum og aftan á fætinum. Á húðinni aftan og innan á kjúkulið, þar sem ágripið varð, sjást blæðingar, sem gætu verið nokkurra daga gamlar, þ. e. frá forkeppninni (dekkra blóð en hið nýja). Á vefjum þar undir, þ. e. aftan og innan á kjúkulið, eru ummerki um samskonar eldri blæðingar í sinavef og beinhimnu við liðamótin og knos, þ. e. skemmdir eða murningur á festingu liðbandsins milli fótleggjar og kögguls, eins og áður segir. Svo er að sjá sem kvíslbandið hafi einnig orðið fyrir áverka áður. Þótt erfitt sé að dæma um skemmdir, sem urðu nokkrum dögum fyrr, vegna nýrra blæðinga frá slysinu 3. júlí, þykir mér ljóst, að liðbandið og kvíslbandið hafi orðið fyrir áverka við ágripið og hófskeggsliðurinn þá þegar ekki lengur heill.

Á húð báðum megin ofan við hófskeggslið, milli beygisina og fótleggjar, eru blæðingablettir með svipuðu útliti, á stærð við tvo fingurgóma. Þar eru einnig í bland nýrri blæðingablettir, sem hafa getað orðið til við slysið eða sama dag. Á því svæði greinast a. m. k. tvö stungusár á hvorri hlið. Erfitt er að greina, hvort um fleiri stungusár er að ræða, vegna þess að blæðingar eru miklar, bæði nýjar og eldri, eins og áður segir. Efst á leggnum er einnig nokkurra daga gömul blæðing þvert yfir að aftan. Þar finnst þó ekki stungusár, svo að víst sé. Vera kann, að vefjaskoðun leiði í ljós, hvort hesturinn var sprautaður sama dag og hann var felldur.

Liðbönd, sem tengdu legg og köggul, rifnuðu alveg í sundur við slysið, bæði að innanverðu og utanverðu, einnig liðpokinn. Kvíslband ofan kjúkusina-beins er tætt í sundur báðum megin, og miklar blæðingar eru efst og aftan á fótleggnum ofanverðum (m. interosseum), einnig aftan á skammköggli undir sinum. Blæðingar eru umhverfis sínar, milli þeirra og við fest-

ingar þeirra í bein. Einnig eru blæðingar í beinhimnum aftan á fótlegg og kögglum. Ekki eru blæðingar við hófbein eða í hófnum annars staðar og ekki í liðamótum eða í sinaslíðrum. Tognun og blæðingar sjást í stoðbandi djúpu beygisinar uppi við hnjábein, einnig í sömu sin í rennunni aftan við hófskeggslíð og neðan hennar. Festing þeirrar sinar á hófbein er þó óskemmd. Á yfirborðsbeygisin er tognun og blæðingar á festingum neðst á köggul og efst á skammköggul. Engin bein í fætinum eru brotin eða brákuð. Smáleggir aftan á fótlegg (griffilbein) eru eðlilegir. Enn fremur er hófbrjósk eðlilegt, að því er virðist. Öll liðamót, liðpokar og sinaslíður virðast eðlileg, einnig sinabein. Blæðingar eru þó milli sinabeina við kjúku.

Víðsjárskoðun.

Víðsjárskoðun var gerð á húðinni af fætinum til að leita að nálarstungum, bæði af yfirborðinu, eftir að hár hafði verið rakað af því öllu, og af holdrosa. Húðin virtist við þá skoðun undarlega laus í sér eða bjúghlaupin holdrosa megin. Við þá skoðun sjáist tvö nýleg stungusár hvorum megin. Aðrir og eldri smááverkar í húðinni sjást einnig. Um aldur þeirra og gerð er erfitt að dæma nema við smásjárskoðun (vefjaskoðun), og bíður það hennar.

Í viðbótarskýrslu Sigurðar, dagsettri 18. september s. á., um rannsókn á hestinum segir:

„Vefjaskoðun.

Lokið er vefjaskoðun á húð ofan kjúkuliðar af vinstra framfæti hestsins Gýmis. Skráður eigandi hans var Hinrik Bragason tamningamaður, Grjóta-seli 14, Reykjavík (s. 78944).

Vefjaskoðun leiddi í ljós, að vefurinn hefur verið rofinn. Stungusár er gegnum húð, og virðist það hafa verið gert fáum klukkustundum áður en hesturinn var felldur. Í sárinu er einsleitur vefjavessakökkur, þar sem ekki sést trefjamyndun. Ferskar blæðingar eru í og við sárið. Ekki sést þar nein íferð af bólgufrumum.

Endurtekin víðsjárskoðun.

Eftir að fyrri skýrsla var skrifuð, var hluti af húðinni tekinn til nákvæmari skoðunar í því skyni að fá gleggri mynd af áverkum á henni. Reynt var að meta gerð sáranna og aldur, þ. e. tímalengd, frá því að þau urðu til og þar til hesturinn var felldur. Aðgerðin var framkvæmd undir víðsjá.

Fjarlægður var með fíngerðu eggjárnri laus vefur af neðsta lagi húðarinnar og síðan þunnarneitt ofan af og neðan af henni og þversneitt, þar sem stungugangar sáust liggja gegnum húðina. Við þessa endurteknu víðsjárskoðun komu í ljós ný stungusár eftir sprautunál af miðlungsgrófleik, eftir því sem best varð séð. Á einum stað a. m. k. var greinilega bogalöguð

skurðlína og flípi, eins og sést stundum í stungusárum eftir holnálar með skásettan skurðflöt. Blóðlitaður vessi vætlaði úr slíku stungugati utanvert á húðinni, en á innra borði sást fárra klukkustunda gömul blæðing umhverfis stungugat. Stungugangar lágu á ská í gegnum húðina frá yfirborði hennar upp á við.

Ályktun.

Vefjabreytingarnar, útlit sára og ferskleiki blæðinga sýnir, að fáum klukkustundum áður en hesturinn var felldur og örugglega sama dag virðist hann hafa verið sprautaður í gegnum húð á vinstra framfæti rétt ofan við hófskeggslíð, nákvæmlega á þeim stað, þar sem venja er að staðdeyfa.“

Ljósmyndir, sem teknar voru af fætinum og húðinni á ýmsum stigum rannsóknarinnar, fylgja sakargögnum.

Dýralæknirinn hefur komið fyrir dóm. Kom fram hjá honum, að við hófskeggslíðinn á fætinum hafi verið þó nokkur stungugöt báðum megin, misgömul. Ummerki hafi verið um eldri stungur, a. m. k. tvær hvorum megin niðri, þ. e. aftan og ofan kjúkuliðar, en hann kveðst ekki treysta sér alveg til að fullyrða um, hversu gamlar þær hafi verið, m. a. vegna þess, að húðin hafi verið skemmd og marín. Eitt stungugatið a. m. k. hafi verið alveg ferskt og komið blóðlitaður vessi út úr sárinu. Þegar hann hafi skorið í gegnum stunguganginn, hafi komið í ljós, að hann var jafnvíður yst sem innst. Geti hann ekki tekið undir þá tilgátu, að þetta hafi gerst með þorni úr hringju, til dæmis. Ofar á fætinum hafi líka verið göt, en þó hafi þau ekki verið eins greinileg. Nýjustu stungugangarnir bendi til þess, að þarna hafi átt að deyfa taug, sem þar liggur undir, og jafnvel staðdeyfa einhverja fleiri vefi. Auk þessa hafi sést nokkru neðar eða alveg yfir kjúkunni nokkuð ljótt sár á húðinni. Það virtist vera skrapsár eftir það, að hesturinn hafði gripið á sig, þ. e. slegið með fæti innan á framfót og skrapað niður eftir og hruflað húðina. Neðsta sárið hafi reynst ná alveg í gegnum húðina. Í þessu hafi verið þrjár láréttar sprungur, þvert á legginn, líklega til komnar af miklu höggi og togi innan á fótinn. Hrúður, sem var yfir þessu sári, var nokkurra daga gamalt. Neðsta sprunga hafi verið á mjög viðkvæmum stað, alveg yfir liðamótunum sjálfum milli fótleggjarins og kjúkubeinsins efsta. Mikið högg á þennan stað geti skemmt liðinn, enda hafi verið merki um skemmdir á liðbandinu á milli leggjarins og kjúkubeinsins. Ekki hafi verið unnt að sjá utan frá, að það næði í gegn, ef fóturinn var ekki bólgin. Það hafi hins vegar sést, þegar búið var að flá fótinn. Þá hafi hann séð innra byrðið, og þegar hann hafi tekið húðina af, hafi sést, að opið var í gegn. Vart sé annað hugsanlegt en hesturinn hafi helst verulega og varanlega og stokkbólгнаð við þennan áverka, enda hafi áverkinn náð yfir nokkuð stórt svæði og sprung-

ur, sem náð hafi djúpt inn í húð og í gegn, auk þess sem biti hefði tæst upp úr neðstu sprungunni.

Ákærði Helgi hefur gagnrýnt niðurstöður Sigurðar Sigurðarsonar. Segir hann, að verulegur munur geti verið á niðurstöðum meinafræðings og sérfræðings í hrossasjúkdómum. Þegar skýrsla sín sé metin með tilliti til deyfistaðanna á fæti Gýmis, verði að hafa það í huga, sem tíðkanlegt sé hjá starfandi dýralæknum. Þá kemur fram hjá ákærða, að staðsetning stungugatanna sé þannig, að ekki hafi verið unnt með þeim að deyfa kvíslband og hófskeggslíð.

Ríkissaksóknari óskaði eftir því við Jónas Hallgrímsson, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, að hann veitti umsögn um rannsóknir og niðurstöður Sigurðar Sigurðarsonar í málinu. Var einkum óskað umsagnar um niðurstöður dýralæknisins „um stungusár í húð, hvernig og hvenær þau hafi myndast, svo og greiningu Sigurðar á eldri áverkum á fæti hestsins og því mati hans, að orsakasamband sé á milli þeirra áverka og þeirra liðskemmda og áverka, sem hesturinn hlaut í keppninni 3. júlí 1994“. Hefur prófessorinn gefið embættisvottorð um þetta, dagsett 1. júní sl. Segir þar m. a.:

„Með bréfi ríkissaksóknara fylgdu ýtarleg málsskjöl svo og hófhlíf sömu gerðar og Gýmir notaði í ofangreindri keppni. Rannsóknarlögregla ríkisins flutti gögn frá Tilraunastöð Háskólans að Keldum, en þau höfðu verið þar í vörslu Sigurðar Sigurðarsonar. Gögn þessi voru þrenns konar. Í fyrsta lagi voru 13 litskyggnur, teknar af vinstra framfæti Gýmis, fyrir og á meðan á krufningu stöð. Í öðru lagi eru tvö smásjargler með sýnum teknum úr húð, þar sem meint nálarstunguför sáust. Í þriðja lagi sex smásjargler með tveimur sýnum, teknum úr svokölluðu gripsári (slagsæri) í húðinni yfir kjúkulið (hófskeggslíð) innan- og aftanverðum á vinstra framfæti hestsins. Þessi síðastnefndu sýni voru tekin síðar af Sigurði Sigurðarsyni að beiðni undirritaðs, en vefir (frosnir) úr fætinum eru enn í vörslu Keldna.

Umsögn.

1. Rannsóknir og niðurstöður Sigurðar Sigurðarsonar.

Að dómi undirritaðs eru rannsóknir Sigurðar Sigurðarsonar vandlega unnar og niðurstöður hans um þær rökréttar og fagmannlegar. Ljósmyndir, litskyggnur og smásjársneiðar eru í samræmi við lýsingar hans, sbr. skýrslu hans, dags. 16. 7. 1994 og 18. 9. 1994.

Álit sitt á gangi (ferli) áverkanna frá forkeppni 30. 6. 1994 til keppinnar sjálfar 3. 7. 1994 styður hann með niðurstöðum krufningar og staðfestir með ljósmyndum og smásjársneiðum.

Ályktun Sigurðar þess efnis, að liðbönd kjúkuliðar hafi skemmst, þegar

hesturinn greip á sig í forkeppninni 30. 6., er rökrétt og rökstudd með rannsóknnum hans á liðböndum og sárum í húð ofan við og yfir kjúkuliðnum. Undirritaður hefur skoðað smásjárneiðar frá sári yfir kjúkulið og staðfest þar með, að sárið hlýtur að vera nokkurra daga gamalt. Bólguvörðun fyrir botni sársins, sem nær niður í leðurhúð, er komin yfir bráðasta stig.

Sigurður styður lýsingu sína á ætluðum nálarstungusárum ljósmyndum og smásjárneiðum. Undirritaður staðfestir smásjárlýsingu hans, en þar að auki má sjá byrjandi bráða bólgufrumuiferð við yfirborð húðar og dýpra í leðurhúð, en Sigurði virðist hafa yfirsétt þetta atriði. Fullyrða má því, að stungusárið sé í hæsta lagi nokkurra klukkustunda gamalt. Hesturinn var staðdeyður í greiningarskyni 25. 6., og má telja víst, að stungusár vegna þeirrar deyfingar hafi verið að fullu gróið, þegar að keppni kom. Í hæsta lagi mætti sjá nýgerðan bandvef og yfirhúð á slíkum nálarstungustað og því ekki í neinu samræmi við ferskt stungusár, sem hér sést.

2. Athugasemd Helga Sigurðssonar vegna skýrslna Sigurðar Sigurðarsonar.

Helgi vitnar til þess, að hófur Gýmis hafi vingsast til og frá á hlaupunum og fóturinn bögglast hvað eftir annað undir honum, þegar hann lá á kerrubotninum, áður en hann var aflífaður. Hafi getað komið rof í húðina af þessum völdum og hæpið að fullyrða, að rof í húðinni geti aðeins verið af völdum nálar. Nefnir Helgi, að spenna hófhlífarinnar hafi getað valdið sári.

Undirritaður telur vafalaust, að viðbótaráverkar hafi komið á fótinn eftir liðhlaupið, enda kemur það fram í skýrslu Sigurðar Sigurðarsonar. Þornið í spennu (sýlgju) hófhlífarinnar, sem undirritaður fékk til athugunar, er rúmlega 2 mm í þvermál og oddur þornsins frekar sljór. Óhugsandi er, að þornið eða aðrir hlutar hófhlífarinnar hafi valdið stungusárunum, og getur undirritaður ekki ímyndað sér neina aðra orsök stungusáranna en hvassa nál eins og sprautunál. Útlit stungunnar í húðsýninu ber einnig með sér, að nálin hefur varla verið meira en rúmur 1 mm í þvermál.“

Í skýrslu Þorkels Jóhannessonar prófessors, forstöðumanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettri 21. júlí 1994, um rannsókn á sýnunum, sem hann sendi Grétari Hrafni Harðarsyni héraðsdýralækni, segir m. a. þetta:

„ ...

Í fyrrgreindu bréfi, sem dagsett er 5. 7. 1994, er óskað eftir, að leit verði gerð að staðdeyfingarlýfjum samkvæmt Sérlyfjaskrá 1994 í umræddum sýnum. Samkvæmt upplýsingum Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis hefur hann það eftir Helga Sigurðssyni dýralækni, að hesturinn hafi 25. 6. 1994 verið staðdeyður í vinstra fæti á tveimur stöðum með 2% lídókaín-stungulyfi, samtals 10–12 ml (ca. 240 mg) og önnur staðdeyfingarlýf ekki verið notuð.

Var því strax ákveðið að miða rannsóknina einkum við leit að lídókaíni, en huga þó jafnframt að öðrum lyfjum, sem hesturinn fékk síðustu dagana og máli gætu skipt.

Í áður nefndu bréfi frá 5. 7. 1994 er þess jafnframt getið, að hesturinn hafi fengið, eftir að slysið varð, Combelen vet., Metadón vet. og T 61 (aflífunar-efni). Í síðastnefndu samsetningunni er tetrakaín, sem er staðdeyfingarlyf og náskýlt lídókaíni að gerð. Gerði það rannsóknina flóknari, þar eð beita þurfti mun sértækari og tímafrekari aðferðum en ella til þess að greina á milli þessara tveggja staðdeyfingarlyfja.

Þess skal jafnframt getið, að samkvæmt upplýsingum Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis, höfðum eftir Helga Sigurðssyni dýralækni, fékk hesturinn tvívegis (22. 6. og 26. 6.) Opticortenol-S vet. (samtals 10 ml) í vöðva, en virk efni í þessu sérlyfi eru dexametasón og prednisólón.

Hið virka efni í Combelen vet., própímazín, fannst hvorki í lifur né þvagi. Eitt af virkum efnum í T 61, embútramíð, fannst hins vegar í lifur og þvagi svo og metadón. Í lifur fannst vottur af tetrakaíni, en ekki í þvagi. Í lifur fannst einnig vottur af lídókaíni, og í þvagi var lídókaín og tvö umbrotsefni þess (desetýllídókaín og 2,5 – dímetýlanilín).

Lídókaín var því næst ákvarðað í blóði, þvagi og vefjasýnum úr fæti. Var magn þess í blóði 60 ng/ml og 5 míkrog/ml í þvagi.

Í vefjasýni utanfótar voru alls 170 míkrog af lídókaíni (allt sýnið vó 12 g, og var það notað), og í vefjasýni innanfótar voru alls 60 míkrog af lídókaíni (allt sýnið vó 18,5 g, og voru 8 g notuð). Heimtur við úrhlutun (extraktion) á vefjasýnum úr fæti eru ekki þekktar. Er hér því um lágmarksmagn að ræða.

Í mönnum hefur lídókaín fremur stuttan helmingunartíma (ca. 2 klst.), og í hrossum er helmingunartími, að því er best verður séð, innan við ein klst. Lyfið „umbrotnar“ aðallega í lifur, og myndast þar svipuð eða sömu umbrotsefni og hér fundust (sbr. Veterinary Pharmacology and Therapeutics 1988).

Skarda et al. (1987) hafa rannsakað blóðþéttni lídókaíns í hestum (ca. 400 kg líkamsþyngd), er fengu 1% lídókaín-stungulyf, 2,9 mg og 0,5 mg/kg í ganglion stellatum öðrum megin til staðdeyfingar eða 4,8 mg $\pm$ 0,8 mg beggja vegna. Í fyrra tilviki var blóðþéttni eftir 30 mín. ca. 0,7 míkrog/ml og ca. 0,2 míkrog/ml að 2 klst. liðnum, en ca. 1 míkrog/ml í síðara tilviki. Ef tekið er tillit til þess, hve hratt lídókaín helmingast í blóði hrossa, má fullyrða, að þéttni þess myndi hafa verið í lágmarki að 10 klst. liðnum (ekki sýnt í ritgerðinni). Ef enn er tekið tillit til þessa og eins hins, að magn lídókaíns í blóði hestsins var 60 ng/ml (einungis rúmlega þrem sinnum minna en 0,2 míkrog/ml), má fullyrða, að hestinum hafi verið gefið lídókaín við

innstungu í vinstra fót (sjá þær niðurstöðutölur) og að öllum líkindum innan 10 klst., áður en hann var felldur. Í þessu sambandi ber þess svo enn að minnast, að sýnin voru ekki alveg fersk, þegar þau komu til rannsóknar, og dregur það fremur til lækkunar en hækkunar niðurstöðutalna. . .“

Ákærði Helgi Ingimundur hefur gert þær athugasemdir við skýrslu prófessorsins, að síðari hluti hennar sé mjög óvísindalega unninn. Fullyrðingar í henni byggist m. a. á frásogi á allt öðrum stað en þeim, sem staðdeyfingin eigi að hafa verið gerð rétt fyrir keppni. Með því að vitna eingöngu í niðurstöður Skarda og samverkamanna, þegar komist er að svo mikilvægri niðurstöðu fyrir þá, sem málinu tengjast, verði að álykta, að ekki sé um hlutlausa niðurstöðu að ræða.

Eftir að mál þetta kom upp og vegna gagnrýni ákærða, gerðu þeir Jakob Kristinsson dósent, Þorvaldur H. Þórðarson dýralæknir og prófessor Þorrell samanburðarrannsókn á helmingunartíma lídókaíns í blóði fjögurra hrossa, m. a. til að fá í ljós leitt, hvort rétt hefði verið að taka mið af rannsóknarniðurstöðum Skarda og samverkamanna, en í þeirri rannsókn höfðu verið gerðar tvær tilraunir á útskolun og helmingunartíma lídókaíns í tólf hrossum, sem sprautuð höfðu verið með lyfinu í ganglion stellatum, milli bógs og rifja. Aftur á móti hafði Gýmir verið sprautaður í framfót, eins og margneft er. Rannsókn þessi staðfestir í meginatriðum niðurstöðu prófessorsins um rannsóknina á blóðsýninu úr Gými. Meginniðurstaða þessarar rannsóknar er sú, að hafi hesti verið gefin 240 mg af lídókaíni í framfót, sé það horfið úr blóðinu á þremur klukkustundum. Sé skammturinn stærri, taki þetta lengri tíma.

Sigurður Vignir Matthíasson, kt. 170776-305, Þverási 17, Reykjavík, var á landsmótinu og aðstoðaði við að festa hófhlíf á vinstra framfæti Gýmis, þegar hann var á leið út á keppnisvöllinn í lokasprettinn. Kveðst hann ekki hafa orðið var við neina ytri áverka eða bólgur á fætinum.

Pétur Sigurðsson, blaðamaður og ljósmyndari á Tímanum, kt. 020764-376, Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, hafði mælt sér mót við ákærða Hinrik kl. 16 fimmtudaginn 30. júní í girðingarhólfi, þar sem Gýmir var geymdur. Segist hann hafa ætlað að ljósmynda hestinn og ákærða. Kveðst hann hafa komið á staðinn á undan honum, og hafi Hulda, eiginkona hans, komið með sér til stefnumótsins. Hafi hún sótt hestinn og teymt til þeirra. Kveðst hann þá hafa séð, að hesturinn var greinilega haltur á vinstra framfæti. Fleira fólk hafi komið þarna að og orð fallið á þann veg, að hesturinn myndi ekki keppa vegna heltinnar. Hafi komið fram hjá ákærða, að hann myndi ekki fara á bak hestinum vegna þessa. Tók vitnið þá mynd af ákærða, þar sem hann stóð hjá hestinum.

Kári Arnórsson, kt. 040731-261, Huldulandi 5, Reykjavík, sem er kunn-
átturnaður um hesta, var staddur á landsmótinu, m. a. í erindum sem blað-
maður Tímans. Kveðst hann hafa haft milligöngu um það, að Pétur Sig-
urðsson hitti ákærða Hinrik til þess að taka ljósmynd af þeim Gými. Hann
kveðst hafa hitt Pétur eftir þetta og Pétur þá haft orð á því, að hesturinn
hefði staðið í þrjá fætur og haltrað, þegar hann var teymdur.

Auk þessara vitna hafa nokkur sjónarvitni úr röðum hestamanna komið
fyrir dóminn. Sá það fólk hestinn ýmist fyrir eða í keppninni, og verður nú
gerð grein fyrir vætti þess, að svo miklu leyti sem það telst hafa þýðingu
fyrir málið.

Ari Björn Thorarensen, kt. 010165-563, Fossheiði 26, Selfossi, kunnáttu-
maður um hesta, sá um að skoða fætur og fótabúnað á hestinum bæði á
undan forkeppni og úrslitakeppni. Hann skoðaði aðeins hægri framfót sér-
staklega. Hann sá ekkert athugavert við fætur hestsins og segir hann ekki
hafa verið haltan.

Hulda Gústafsdóttir, kt. 050366-448, Reykási 26, Reykjavík, sambýlis-
kona ákærða Hinriks, hefur skýrt frá því, að ákærði hafi sagt henni frá því
fyrir landsmótið, að hann teldi, að hesturinn hefði misstigið sig, eða eitt-
hvað í þeim dúr. Sjálf hefði hún ekki séð það. Ákærði hefði algerlega ann-
ast þjálfun hestsins, og geti hún ekkert sagt af eigin raun um ástand hans
fyrir mótið. Hún getur ekkert borið um afskipti ákærða Helga Ingimundar
af hestinum. Hún hafi sjálf verið með hross á mótinu og haft nóg með þau.

August Beyer, Karlshöhe 8, 24329 Görnetz, Þýskalandi, fæddur 11. febrú-
ar 1952, er kunningi ákærða Hinriks. Hann kveðst hafa komið til landsins
ásamt vini sínum á fimmtudeginum. Var hann á landsmótinu og sá hestinn
við hesthúsin á Hellu. Segir hann, að hesturinn hafi verið aðeins meiddur á
fæti, og hafi þeir, þ. á m. vitnið, kælt fótinn með köldu vatni. Síðar hafi
komið dýralæknir, ákærði Helgi Ingimundur, sem hafi tekið hestinn í gæslu
sína og síðan hafi hann verið settur í hús. Hafi hesturinn verið með kæli-
búnað frá fimmtudagskvöldi til laugardags. Hafi hesturinn þá verið í lagi og
fengið að hlaupa um og þeir fylgst með. Daginn fyrir keppnina segist hann
hafa séð hestinn, sem þá hafi virst vera við góða heilsu og hlaupið um. Ekki
hafi verið farið á bak honum þá. Á keppnisdaginn, 3. júlí, segist hann hafa
verið með hestinn frá kl. 7 um morguninn, og sé enginn vafi í huga sér, að
hesturinn hafi verið í keppnisfæru ástandi. Hafi hann séð hestinn hlaupa
þennan dag og verið með honum allan daginn til síðdegis. Hann segir
ákærða Helga Ingimund ekkert hafa litið til með hestinum á sunnudegin-
um. Segist hann aðeins hafa séð ákærða á fimmtudeginum.

Friðdóra Friðriksdóttir, kt. 140174-378, Unufelli 40, Reykjavík, var á

landsmótinu og sá hestinn laugardaginn 2. júlí. Hafi hann verið alveg fullkomlega heilbrigður að sjá og hlaupið um í gerði.

Matthías Sigurðsson, kt. 130752-314, Þverási 17, Reykjavík, var á landsmótinu. Segir hann það sér efst í minni, að síðari hluta miðvikudags eða um kvöldið hafi hann ekið fram á Gými og Hinrik, þar sem þeir voru á leið niður að Hellu af mótssvæðinu. Hafi hesturinn borið sig mjög vel og gengið eins og klukka.

Brynjar Vilmundarson, kt. 040937-455, Hamragarði 7, Keflavík, sá ákærða ríða hestinum Gými fyrir keppni, og hafi ekkert athugavert verið að sjá við hestinn. Síðar, þegar ákærði var að hita upp hestinn fyrir úrslitakeppnina, hafi hann séð þá aftur og ekkert athugavert séð við hestinn. Telur vitnið sig hafa næmt skyn fyrir helti í hrossum.

Jóhann Þór Friðgeirsson, kt. 311049-321, Hofi, Hofsósi, var gæðingadómari í A-flokki gæðinga. Segir hann Gými hafa borið sig eðlilega bæði í forkeppni og úrslitakeppni fram að slysinu, og hafi hann virst algjörlega heill að sjá í keppninni.

Erling Ólafur Sigurðsson, kt. 180742-464, Reykási 31, Reykjavík, reið hrossi í úrslitakeppninni. Kveðst hann hafa séð út undan sér, þegar Gýmir var á lokasprettinum, og telur hann, að hesturinn hafi fipast við lófatak áhorfenda og gripið á sig.

Niðurstæða.

I. Forkeppni í A-flokki gæðinga fimmtudagskvöldið 30. júní.

Fyrir liggur, að Gýmir var bólginn á vinstra framfæti þegar um 22. júní og að ákærði Helgi Ingimundur hafði hann til lækni meðferðar vegna þessa meins, sem fólst í því að sprauta hestinn með bólgueyðandi lyfjum (prednísólón og dexametasón barkarsterum) og verkjastillandi lyfjum (fenýlbútasón) og því að leggja bólgueyðandi bakstra um fótinn, sem hafðir voru á í tvo sólarhringa. Þá liggur það enn fremur fyrir, að tveimur dögum síðar var hesturinn enn með eymsli í fætinum, þegar bakstrarnir voru teknir af, og hestinum þá gefið bólgueyðandi lyf með sprautu (prednísólón og dexametasón). Daginn eftir það var hesturinn með sótthitavott, og fannst fyrir auknum æðaslætti niður í fótinn. Var hesturinn þá staðdeyfður á tveimur stöðum, ofan við kjúkulið til þess að hindra eymsli í hófi og jafnframt ofan við bólgu í kjúkuliðnum til þess að kanna, hvort eymslin kæmu þaðan. Í kjölfarið var hesturinn svo sprautaður með fúkalyfi. Það athugast, að sú viðbára ákærðu, að e. t. v. hafi legið nærri hestinum, getur ekki talist trúleg miðað við það, hve framvaxinn hófurinn var. Sunnudaginn 26. júní sprautaði ákærði Helgi hestinn enn með fúkalyfi og bólgueyðandi barkarsterum

(prednísólón og dexametasón). Loks liggur fyrir, að fimmtudaginn 30. júní var hesturinn enn aumur í fætinum og með bjúgbólgu umhverfis kjúkulið. Ákærði Helgi Ingimundur meðhöndlaði þetta þá með kæli-, „sprayi“ og kælihólk. Er óhætt að fullyrða með hliðsjón af eindreginni skýrslu Péturs Sigurðssonar, sem m. a. er studd skýrslu Kára Arnórssonar, að eymslin hafi verið svo mikil, að hesturinn hafi verið áberandi haltur síðdegis þennan dag. Telja verður, að þetta fótarmein hestsins hafi verið þess eðlis og svo þrálátt, m. a. ef mið er tekið af undangenginni meðhöndlun, að óverjandi hafi verið að láta hestinn taka þátt í forkeppni í A-flokki gæðinga um kvöldið. Jafnframt verður að telja, að læknisverk ákærða, sem hann vann á hestinum dagana fyrir forkeppni, hafi fremur miðað að því að gera hestinn færan um að taka þátt í keppninni en því að lækna hann af meininu.

Líta verður svo á, að ákærða Hinriki hafi hlotið að vera fullkunnugt um það, hve fótarmein hestsins var alvarlegt, og telst hann hafa brotið gegn 1. gr. og 3. tl. 3. gr., sbr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957, sem þá giltu, og ber nú samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga að sakfella ákærða fyrir brot gegn 2. og 6. gr., sbr. 19. gr. samnefndra laga nr. 15/1994, sem gildi tóku 1. júlí 1994.

Með þeim læknisverkum, sem miðuðu að því, að hesturinn gæti tekið þátt í forkeppninni, hefur ákærði Helgi Ingimundur orðið sekur um hlutdeild í broti meðákærða Hinriks, sbr. áður 3. mgr. 18. gr. hinna eldri dýraverndarlaga og 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, en nú 2. mgr. 19. gr. núgildandi laga um dýravernd. Að auki telst hann með þessu hafa brotið gegn starfsskyldum sínum um árvekni og fyllstu samviskusemi í dýralæknisstarfinu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um dýralækna nr. 77/1981. Í þeim lögum er ekki sérstakt refsíákvæði, og ber því að sakfella ákærða fyrir brot þetta með heimild í 187. gr. almennra hegningarlaga.

II. Úrslitakeppni sunnudaginn 3. júlí.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem geri töku sýnanna úr Gými, vörslu þeirra eða meðferð, tortryggilega. Þá telur dómurinn, að miða verði við þær rannsóknarniðurstöður Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Þykir það ekki veikja niðurstöðurnar, að ekki hafa verið tekin sýni til smásjárrannsóknar úr kvíslbandi, enda sást áverkinn greinilega með berum augum samkvæmt skýrslu Sigurðar. Þá ber að vísa til niðurstöðu Þorkels Jóhannessonar prófessors um rannsókn á sýnunum úr Gými og niðurstöðu úr viðbótarrannsókn hans og samverkamanna hans, þeirra Jakobs Kristinssonar dósents, og Þorvalds H. Þórðarsonar dýralæknis. Verður að telja upplýst, að hesturinn hafi verið sprautaður með staðdeyfilyfinu lídókaíni í fótinn skömmu fyrir úrslitakeppnina og

ákærða Hinriki hlotið að vera um það kunnugt. Á myndbandsupptökunni verður ekki séð örugg vísbending um það, að hesturinn hafi gripið á sig í lokakeppninni, og engin ný sár fundust á fætinum, sem bent gætu til svo stórfellds ágrips, að valdið gæti því, að fóturinn bilaði. Þessari viðbáru ákærðu er því hafnað, og lítur dómurinn svo á, að sú lækni meðferð, sem hesturinn fékk, allt frá 22. júlí fram að slysinu með bólgueyðandi lyfjum, bókstrum og kælingu, hafi valdið því, að eðlileg svörun líkamans við skemmdum í húð og stoðvef, þ. e. bólgusvörun og eymsli, hafi aðeins að litlu leyti náð að koma fram. Er það skoðun dómsins, að meðferð þessi hafi veikt stoðvef og liðbönd í fætinum. Þá hafði deyfilyfi verið komið fyrir í fætinum til þess að fela eymslin. Allt hafi þetta leitt til þess, að við álagið í úrslitakeppninni hafi liðbönd og sínar slitnað og fóturinn bilað.

Eins og fram hefur komið hjá ákærðu, greip hesturinn á sig í forkeppninni og hlaut þá þann áverka, sem lýst er í skýrslu Sigurðar Sigurðarsonar dýralæknis. Ákærðu hafa sagt, að þeir hafi talið þetta smávægilegan áverka. Verður að treysta því, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir, hve djúpt hann náði. Aftur á móti var þessi áverki viðbót við þau meiðsli hestsins, sem áður er lýst og ákærðu var fullkunnugt um. Var enn ríkari ástæða eftir þetta en áður til þess að hlífa hestinum við áreynslu, og telst ákærði Hinrik því með því að láta hestinn hlaupa í úrslitakeppninni hafa brotið gegn 2. og 6. gr., sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994.

Ákærðu ber saman um, að Helgi Ingimundur hafi ekki unnið önnur læknisverk á hestinum eftir forkeppnina en setja á hann kælibakstur. Verður að telja ósannað, að hann hafi skipt sér af hestinum umfram þetta, en fram er komið, að aðrir menn á vegum ákærða Hinriks hafi haft afskipti af hestinum þennan dag. Aftur á móti liggur það fyrir, að ákærði Helgi Ingimundur sagði meðákærða, að hesturinn mætti keppa, ef hann yrði óhaltur eftir baksturinn. Með þessu læknisverki, sem miðaði að því að gera hestinn keppnisfæran, hefur ákærði Helgi Ingimundur veitt meðákærða Hinriki liðsinni sitt í verki við það að fremja verknaðinn og brotið gegn 2. og 6. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 19. gr. laga um dýravernd. Að auki telst hann með þessu hafa brotið gegn starfsskyldum sínum um árvekni og fyllstu samvirkusemi í dýralæknisstarfinu og því orðið sekur við 2. mgr. 4. gr. laga um dýralækna, sbr. 187. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Sakaferill ákærðu hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Þykir refsing þeirra hvors um sig vera hæfilega ákveðin 170.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 30 daga í sektar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ekki þykja vera næg efni til þess að svipta ákærða Hinrik heimild til þess að hafa hesta í umsjá sinni, versla með þá eða sýsla, eins og krafist er í ákæru, og er hann sýknaður af þeirri kröfu ákæruvalds.

Þá ber að dæma ákærða Helga Ingimund til þess að greiða verjanda sínum, Kjartani Reyni Ólafssyni hrl., 150.000 krónur í málsvarnarlaun, en verjandi ákærða Hinriks hefur afsalað sér málsvarnarlaunum. Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan annan sakarkostnað óskipt, þar með talin 150.000 króna saksóknarlaun í ríkissjóð.

Um meðferð málsins skal það tekið fram, að þingfesting dróst vegna sumarleyfis dómsformanns. Þá urðu tafir á meðferð vegna fjarveru ákærðu erlendis framan af og loks vegna dvalar ákæranda vestan hafs. Dómsuppsaga í málinu hefur svo dregist vegna þess, að hinir sérfróðu meðdómsmenn búa og starfa úti á landi og málið auk þess allumfangsmikið og vandasamt.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Hinrik Bragason og Helgi Ingimundur Sigurðsson, greiði hvor um sig 170.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði Helgi Ingimundur greiði verjanda sínum, Kjartani Reyni Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, 150.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði allan annan sakarkostnað óskipt, þar með talin 150.000 króna saksóknarlaun í ríkissjóð.
